

150

26. júní

8. gr.  
Endurskoðun ársreikninga sjóðsins skal framkvæmd af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu og reikningurinn fram lagður á aðalfundi nefndarinnar til úrskurðar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

151

28. júní

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð til hjálparstöðvar í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. júní 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð til hjálparstöðvar í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 1000.00 minningargjöf frá konu í Reykjavík á afmælisdegi móður hennar 16. marz.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að komið verði á fót og starfrækt hið allra fyrsta hjálparstöð í Reykjavík fyrir konur drykkjumanna. Er stöðinni ætlað að hafa eftirlit með liðan slíkra kvenna og barna þeirra, og vita þeim leiðbeiningar og holl ráð í þrengingum þeirra og raunum. Sams konar hjálp skal og veita drykkfelldum mæðrum, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól, svo og hvers konar gjafir og áheit, er honum kunna að berast. Er þess sérstaklega vænst, að menn styrki sjóðinn með minningargjöfum um mæður sínar, sem þrátt fyrir bág og erfið kjör hafa gefið mörgum syni og dóttur dýrmætar gjafir, sem ekki ætti að gleymast að þakka.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: dómprófasturinn í Reykjavík, sem er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, fjórar konur, kosnar af sóknarnefndunum í Reykjavík til fjöggra ára í senn. Tilnefnið sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins eina, sóknarnefnd Hallgrímssafnaðar eina, sóknarnefnd Nessóknar eina, og sóknarnefnd Laugarnessóknar eina.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal vinna að því eftir mætti og á hvern þann hátt, er henni sýnist best henta, að koma hjálparstöð þessari á fót og hafa yfirumsjón með starfrækslu hennar. Er henni heimilt að verja til þess vöxtum sjóðsins, svo og árlegum tekjum hans, eftir að höfuðstóllinn er orðinn fullar 25 þúsund krónur.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin árlega senda biskupi Íslands ársreikninginn til endurskoðunar, svo og skýrslu um starfsemina á árinu.

7. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.